

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um flutning á skipbrotsmönnum.

1870.

31. maí.

Í skjali, sem barst hingað með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 7. febrúarm. þ. á., hefir bæjarfógetinn í Reykjavík getið ymsra vandkvæða á því, hvernig tilhagað er um flutninga skipbrotsmanna á Íslandi, því það kemur opt fyrir, að skipbrotsmenn eru fluttir til Reykjavíkur og fengnir lögreglustjóranum þar, án þess að það fæ fylgi með, sem þarf til viðurværis handa þeim, og til þess að koma þeim áleiðis; hefir bæjarfógetinn jafnframt borið það upp, að ráðstafanir verði gjörðar, sumpart til þess, að það verði skipað hlutaðeiganda að senda það, sem eftir verður, er húið er að halda uppboð á strandinu, með skipbrotsmönnum til Reykjavíkur, til þess að því fæ verði varið til að koma þeim heim þaðan, samkvæmt tilskipun 28. desembr. 1836, 12. gr., sumpart til þess, að það verði gjört að skyldu fyrir útgjörðarmann skipsins, sem á verzlunarhús í sama lögsagnarumdæmi, og strandið varð, eða þar nálægt, eða þá fulltrúa hans, að sjá um flutning á skipbrotsmönnum.

Jafnframt og þér, herra stiptamtmaður, hafið farið mörgum orðum um það, hve torvelt það væri, að koma þessu vel í lag, hafið þér getið þess um uppástungur bæjarfógetans, að hinni fyrri verði eigi við komið, þareð það er venja, að skipbrotsmenn eru sendir af stað á undan uppboðinu, og það fer fjærri því, að andvirðið fyrir það, sem selst við uppboðið sè þá til, þar sem verður að veita eigi allstuttan frest með borgunina, og að heldur ekki verði gjört uppboðshaldaranum að skyldu að borga fyrirfram fyrir flutninginn; aptur á hinn bóginn virðist yður það vera æskilegt, að hin síðari uppástunga bæjarfógeta verði tekin til greina, að það verði brýnt fyrir öllum sýslumönnum á Íslandi, að sjá svo um, að skipbrotsmönnum verði komið til fulltrúa útgjörðarmanns skipsins á Íslandi, eða þess manns, er hefir skipið að leigu, svo að hann sjái um flutninginn, án þess að hið opinbera þurfi að skerast í málið.

Um leið og þess er getið, að það verður eigi gjört þeim að skyldu, sem hefir skip að leigu, eða fulltrúa hans, að sjá um flutn-

1870.
31. maí.

ing skipshafnarinnar, ef skipið brotnar, þá mælist stjórnarráðið til þess, að þær, herra stiptamtmaður, segið sýslumönnum í yðar umdæmi til um það, að ef það kemur fyrir, að eigi að flytja skipbrotsmenn, og útgjörðarmaður skipsins sæ staddur á Íslandi eða á verzlunarstað þar, þá er það skylda hans eða verzlunarfulltrúa hans, að sjá um viðurværi handa skipbrotsmönnum og annast um, að þeir verði fluttir heim til sín, án þess að hið opinbera skerist í málið, og að hlutaðeigandi sýslumaður, ef hann á annað borð hefir undir höndum nokkuð af andvirði strandsins, eigi að senda með skipbrotsmönnum það fæ, sem með þarf, til þess að koma þeim áleiðis, er hann sendir þá til lögreglustjórans í öðru lögsagnarumdæmi.

Því skal við bætt, að hinum öðrum amtmönnum á Íslandi er ritað um þetta efni það, sem þeir eiga að hafa fyrir reglu.

31. maí.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannaféluginu í Reykjavík til byssukaupa.

Um leið og þær senduð hingað aptur bænarskrá, þar sem stjórnarnefndin í skotmannafélagi því, sem stofnað er í Reykjavík, sækir um, að félagið verði leyst frá þeim skilmála, sem því var settur samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 11. febrúar f. á.¹⁾ þá er félaginu var veittur 100 rd. styrkur til byssukaupa, en skilmáli þessi var sá, að, ef lærisveinum í Reykjavíkur skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að æfa sig á að fara með byssur, þá lèti félagið borgunarlaust fram byssurnar, sem tilfengnar eru, og skotsvæði það og skothýsi, sem félagið hefir búið sér til, svo að piltar mætti halda þar æfingar sínar, hafið þær, herra stiptamtmaður, í bréfi 22. febrúar þ. á. skotið þessu máli til úrskurðar stjórnarráðsins, og jafnframt getið þess, að félagsmenn hafi líklega misskilið það skilyrði, sem getið var um, þannig, að þeir haldi, að

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 588.